

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2024/EES/68/01		Dómur dómstólsins frá 13. maí 2024 í máli E-7/23 – ExxonMobil Holding Norway AS gegn Staten v/ Skatteetaten (norska ríkinu, fulltrúi þess eru skattayfirvöld)	1
2024/EES/68/02		Dómur dómstólsins frá 13. maí 2024 í máli E-8/23 – Trannel International Limited gegn Staten v/Kultur- og likestillingsdepartementet (norska ríkinu, fulltrúi þess er Menningar- og jafnréttisráðuneytið)	2
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/68/03		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11279 – CTS EVENTIM/FNAC DARTY/France Billet)	3
2024/EES/68/04		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11633 – TUBACEX/ MUBADALA/SPANISH JV/UAE JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2024/EES/68/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11678 – KBC BANK/BNP PARIBAS FORTIS/JOYN INTERNATIONAL) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2024/EES/68/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11681 – AMUNDI/ MARGUERITE/ZE WAY INVEST/ZE ENERGY JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2024/EES/68/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11682 – UTMOST GROUP/ LOMBARD INTERNATIONAL ASSURANCE HOLDINGS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2024/EES/68/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11683 – TURNER/DORNAN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2024/EES/68/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11691 – MARUBENI/NAP/FMG/AQUAGREEN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2024/EES/68/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11708 – SAGITTA/RDE GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2024/EES/68/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11716 – NORDIC CAPITAL XI/CVC/PLATINUM IVY/HARGREAVES LANSDOWN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2024/EES/68/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11740 – EDF/VAUBAN INFRASTRUCTURE PARTNERS/ONTOWER AUSTRIA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2024/EES/68/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11407 – DROSED/INDYKPOL)	13
2024/EES/68/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11556 – SCHROEDERS/PHOENIX GROUP/FUTURE GROWTH CAPITAL)	13
2024/EES/68/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11623 – BPCE/SGEF)	14
2024/EES/68/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11647 – GONVARRI/HIDRIA)	14
2024/EES/68/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11677 – MIDEUROPA PARTNERS/FAMAR)	15
2024/EES/68/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11686 – BAOSTEEL/BAOWU ALUMINIUM/KOBELCO/KOBELCO BAO AUTOMOTIVE ALUMINIUM ROLLED PRODUCTS JV)	15
2024/EES/68/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11688 – KKR/TMUS/METRONET)	16
2024/EES/68/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11695 – TOWERBROOK CAPITAL PARTNERS/CD&R/R1 RCM)	16
2024/EES/68/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11709 – CKI/CKA/TARGET WIND FARMS AND ASSETS)	17
2024/EES/68/22	Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer SA.36303 (2024/C) (áður 2015/NN, áður 2013/FC) – Styrkir til viðurkenndra flæmskra náttúruverndarsamtaka – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	18
2024/EES/68/23	Ríkisaðstoð – Þýskaland – SA.63203 (2024/C) - Aðstoð til endurskipulagningar Condor – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	19
2024/EES/68/24	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	20

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2024/EES/68/01

frá 13. maí 2024

í máli E-7/23

ExxonMobil Holding Norway AS gegn Staten v/ Skatteetaten
(norska ríkinu, fulltrúi þess eru skattayfirvöld)

(Staðfesturéttur – 31. og 34. gr. EES-samningsins – Samngjörn skipting
skattlagningarvalds – Hugtakið „endanlegt tap“ – Frádráttur á rekstrartapi
dótturfélags í öðru EES-ríki – Smávægilegar tekjur)

Hinn 13. maí 2024, kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-7/23, ExxonMobil Holding Norway AS gegn Staten v/ Skatteetaten (norska ríkinu, fulltrúi þess eru skattayfirvöld) – BEIÐNI áfrýjunardómstóls Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um túlkun á 31. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem lýtur að möguleika ExxonMobil Holding Norway AS til að nýta til skattafrádráttar rekstrartap dótturfélags í öðru EES-ríki. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Ola Mestad (settur dómari) og hljóða dómsorð sem hér segir:

- Það samrýmist ákvæðum 31. og 34. gr. EES-samningsins að krefjast þess að beiting undanþágunnar um „endanlegt tap“ í skilningi dóms dómstólsins í máli E-15/16 *Yara* sé útilokuð þar sem dótturfélag í öðru EES-ríki fær greiddar a.m.k. smávægilegar tekjur á rekstrarárinu eftir árið þegar frádráttar er krafist.
- Það samrýmist ákvæðum 31. og 34. gr. EES-samningsins að EES-ríki krefjist þess, til að sýna fram á að tap sé endanlegt, að formlega hafi verið ákveðið að slíta félaginu strax eftir lok þess rekstrarárs sem tapsfrádráttar er krafist.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2024/EES/68/02

frá 13. maí 2024

í máli E-8/23

**Trannel International Limited gegn Staten v/Kultur- og likestillingsdepartementet
(norska ríkinu, fulltrúi þess er Menningar- og jafnréttisráðuneytið)**

*(Tilskipun 2014/23/ESB – b-liður 1. mgr. 5. gr. – Einkaréttur – Veðreiðar –
Sérleyfissamningar – Samningur sem er fjárhagslegs eðlis – Stjórnsýsluleg leyfisveiting)*

Hinn 13. maí 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-8/23, Trannel International Limited gegn Staten v/Kultur- og likestillingsdepartementet (norska ríkinu, fulltrúi þess er Menningar- og jafnréttisráðuneytið) – BEIÐNI héraðsdóms Oslóar (*Oslo tingrett*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga, einkum b-lið 1. mgr. 5. gr og 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar. Dóminn skipuðu dómaramir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann og Michael Reiertsen (framsögumaður) og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Til að skera úr um hvort veiting einkaréttar á veðreiðum til stofnunar sem skipulögð er líkt og Norsk Rikstoto feli í sér sérleyfissamning um þjónustu í skilningi b-liðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, verður að taka tillit til þess hvort rétturinn sé háður skriflegum samningi fjárhagslegs eðlis milli eins eða fleiri rekstraraðila og eins eða fleiri stjórnvalda, sem hefur að markmiði að gera sérleyfissamning um þjónustu, gegn endurgjaldi og til hagsbóta fyrir tiltekið stjórnvald, sem er lagalega bindandi fyrir báða aðila og megi framfylgja fyrir dómstólum. Leyfakerfi, sem veita rekstraraðila leyfi, og sem kveða á um reglur og skilyrði fyrir framkvæmd starfseminnar, en rekstraraðilanum er ekki skylt að veita þjónustuna og ekki er hægt að knýja hann fyrir dómstólum til að veita hana, eru ekki innan gildissviðs tilskipunar 2014/23/ESB.
2. Gildistaka tilskipunarinnar hefur ekki haft í för með sér breytingar á muninum á sérleyfissamningum um þjónustu sem falla innan gildissviðs tilskipunar 2014/23/ESB og leyfakerfum sem eru ekki innan gildissviðs tilskipunarinnar.
3. Sú staðreynd að hagnaðinum af starfseminni er stjórnað af ríkinu með reglusetningu, í þágu þriðju aðila, hefur í sjálfu sér ekki áhrif á mat á því hvort umrætt fyrirkomulag feli í sér sérleyfissamning um þjónustu í skilningi tilskipunar 2014/23/ESB.
4. Stjórnskipulag aðilans með einkaréttinn á veðreiðum, líkt og stofnun eins og í þessu máli, hefur ekki áhrif á mat á því hvort umrætt fyrirkomulag felur í sér sérleyfissamning um þjónustu í skilningi tilskipunar 2014/23/ESB.
5. Það hefur ekki þýðingu fyrir undantekningu 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/23/ESB að landslög sem einkarétturinn byggist á nefni ekki sérstaklega leyfishafann eða að stofnunin sem hefur verið veittur einkaréttur hafi einnig hlotið einkaréttinn óslitið samkvæmt eldri landslögum.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/68/03

(mál M.11279 – CTS EVENTIM/FNAC DARTY/FRANCE BILLET)

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CTS Eventim AG & Co. KGaA („CTS Eventim“, Þýskalandi)
- Fnac Darty Participations et Services SA („Fnac Darty Participations et Services“, Frakklandi), í eigu Fnac Darty SA („Fnac Darty“, Frakklandi), móðufélags Fnac Darty samstæðunnar
- France Billet SAS („France Billet“, Frakklandi), sem lýtur sem stendur yfirráðum sér í lagi af hálfu Fnac Darty

CTS Eventim og Fnac Darty öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir France Billet.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CTS Eventim er virkur í viðburðarmiðasölu og á sviði afþreyingarefnis sem flutt er að viðstöddum áheyrendum í Evrópu.
- Fnac Darty er evrópskur smásöluaðili á menningar- og tómsundavörum, raftækjum fyrir neytendur og heimilistækjum.
- France Billet er með starfsemi á miðasölumarkaði, einkum í Frakklandi.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11279 – CTS EVENTIM/FNAC DARTY/FRANCE BILLET

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/68/04

(mál M.11633 – TUBACEX/MUBADALA/SPANISH JV/UAE JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Tubacex S.A. („Tubacex“, Spáni)
- Mubadala Investment Company P.J.S.C. („Mubadala“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum) í eigu stjórnvalda í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum
- TBX NewCo Spain, S.L.U. („Spanish JVCo“ (nýstofnaða fyrirtækið), Spáni)
- TBX Upstream Seamless Pipes L.L.C. („UAE JVCo“, (nýstofnaða fyrirtækið), Sameinuðu arabísku furstadæmunum)

Tubacex og Mubadala ná yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hluta af Spanish JVCo (nýstofnaða fyrirtækinu á Spáni) og UAE JVCo (nýstofnaða fyrirtækinu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og verðbréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Tubacex býður upp á flóknar iðnaðarvörur og þjónustu sem beinast sérstaklega að orku- og hreyfanleikaiðnaðinum og sérhæfir sig í háþrúðu ryðfriú stáli og öðrum tæringarþolnum málmblöndum.
- Mubadala er fjárfestingafélag sem fjárfestir í fjölbreyttum eignaflokkum eins og óskráðum hlutabréfum, almennum verðbréfum, fasteignum og innviðum, valkostum og skuldabréfum.

3. Starfsemi Spanish JVCo (nýstofnaða félagsins) er sem hér segir: annast rörvörur fyrir olíuiðnaðinn og er með starfsemi á Spáni og í Brasilíu. UAE JVCo (nýstofnaða félagið) er ekki enn komið í rekstur en mun veita svipaða þjónustu.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11633 – TUBACEX/MUBADALA/SPANISH JV/UAE JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11678 – KBC BANK/BNP PARIBAS FORTIS/JOYN INTERNATIONAL)

2024/EES/68/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KBC Bank NV („KBC Bank“, Belgíu), sem lýtur yfirráðum KBC Group NV (Belgíu)
- BNP Paribas Fortis NV („BNPPF“, Belgíu), sem lýtur yfirráðum BNP Paribas SA (Frakklandi)
- Joyn International NV („Joyn“, Belgíu)

KBC Bank og BNPPF öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Joyn í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KBC Bank er hluti af KBC Group, samþættri samstæðu bankatrygginga með áherslu á viðskiptavinum í smásölu, einkageiranum og fyrirtækjageiranum.
- BNPPF annast banka- og fjármálaþjónustu fyrir viðskiptavinum í smásölu, fyrirtækja- og stofnana viðskiptavinum um allan heim. BNPPF er hluti af BNP Paribas Group, alþjóðlegri bankasamstæðu sem fæst við viðskiptabankastarfsemi, eignastýringu og þjónustu, auk fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi.

3. Starfsemi fyrirtækisins Joyn er sem hér segir:

- bjóða staðbundnum smásöluaðilum upp á stafræn vildarkort og tengda markaðsþjónustu.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 20.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11678 – KBC BANK/BNP PARIBAS FORTIS/JOYN INTERNATIONAL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11681 – AMUNDI/MARGUERITE/ZE WAY INVEST/ZE ENERGY JV)

2024/EES/68/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- WIFRA (Frakklandi), sem lýtur yfirráðum ESR Alba II FCPR (Frakklandi) og Amundi Seed Alba II FCPR (Frakklandi), tveir sjóðir sem óbeint lúta stjórn Amundi SA („Amundi“, Frakklandi), dótturfyrirtæki Crédit Agricole SA samstæðunnar („Crédit Agricole“, Frakklandi)
- Marguerite II SCSp („Marguerite II“, Lúxemborg).
- Ze Way Invest SAS („Ze Way Invest“, Frakklandi)
- Ze Energy SAS („Ze Energy“, Frakklandi), sem lýtur yfirráðum Ze Way Invest og Marguerite II

Wifra, Marguerite II og Ze Way Invest öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Ze Energy.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- WIFRA leggur áherslu á beinar fjárfestingar í innviðum, einkum á orkuskipti og kolefnislosun. Amundi er eignastýringarfyrirtæki með eignasafn sem sérhæfir sig í orkuskiptum, þar á meðal í innviðum fyrir framleiðslu endurnýjanlegrar orku, í innviðum fyrir orkudreifingu og orkunýtingu og í innviðum fyrir neytendur. Crédit Agricole sérhæfir sig í eignastýringu fyrir bæði stofnana- og smásöluviðskiptavinum, sem nær yfir alla eignaflokka.
- Marguerite II er fjárfestingarsjóður með sérstaka áherslu á endurnýjanlegar orkulindir, orku, samgöngur og stafræna geira.
- Ze Way Invest annast stefnumótandi ráðgjöf fyrir fyrirtæki með áherslu á hraðari orkuskipti í lítt kolefnislosandi orkuframleiðslu og rafsamgöngum.
- Ze Energy þróar, byggir og rekur blönduð ljósspennusólarorkuver með geymslu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11681 – AMUNDI/MARGUERITE/ZE WAY INVEST/ZE ENERGY JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11682 – UTMOST GROUP/LOMBARD
INTERNATIONAL ASSURANCE HOLDINGS)

2024/EES/68/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Utmost International Group Holdings Limited („Utmost“, Bretlandi) Utmost er hluti af Utmost samstæðunni sem aftur er félag í eignasafni Brookfield Oaktree Holdings, LLC og sem endanlega lýtur óbeint yfirráðum þess. Brookfield Oaktree Holdings, LLC lýtur sjálft óbeinum sameiginlegum yfirráðum Oaktree Capital Group Holdings GP, LLC og Brookfield Corporation
- Lombard International Assurance Holdings S.à.r.l., („Lombard“, Lúxemborg), sem lýtur yfirráðum LIA HOLDINGS LIMITED („Lia Holdings“, Bretlandi), sem aftur lýtur endanlega óbeinum yfirráðum sjóða sem eru í eigu hlutdeildarféлага Blackstone Inc.

Utmost öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Lombard í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Helsta starfsemi Utmost Group er: i) Utmost International (sem annast líftryggingar fyrir auðuga einstaklinga („HNWI“) og vellauðuga einstaklinga („UHNWI“), og hlunnindi starfsmanna í gegnum fyrirtæki sitt „Utmost Corporate Solutions“, og ii) Utmost Life and Pensions (sérhæfður breskur líftryggingasjóður, lokaður fyrir ný viðskipti og með áherslu á að skrifa yfirfærslu vegna samtryggingasjóða (þ.e. magnlífeyrir) aðeins í Bretlandi).
- Lombard er samevrópskt fyrirtæki sem býður upp á lausnir sem byggja á tryggingum fyrir auð, dánarbú og skipulagi fyrir löggarf fyrir auðuga („HNWI“) og vellauðuga („UHNWI“) einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Lausnirnar sem nú eru í boði innan Evrópusambandsins eru m.a.: i) einingategdar líftryggingar með eingreiðsluðgjaldi ii) einingategdir eignfærslusamingar með eingreiðsluðgjaldi fyrir íbúa í Belgíu, Frakklandi, Finnlandi og Lúxemborg og iii) hreinar áhættulíftryggingar í Finnlandi.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11682 – UTMOST GROUP/LOMBARD INTERNATIONAL ASSURANCE HOLDINGS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/68/08

(mál M.11683 – TURNER/DORNAN)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- TURNER Corporation („Turner“, Bandaríkjunum), sem lýtur stjórn Actividades de Construcción y Servicios, („ACS“, Spáni)
- Dornan Engineering Holdings Limited, („Dornan“, Írlandi)

Turener öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Dornan í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Turner og endanlegt móðurfélag þess, ACS, annast byggingarþjónustu um allan heim og fyrir allar tegundir viðskiptavina og atvinnugreina.
 - Dornan annast véla- og rafmagnsverkfræðiþjónustu, einkum á sviði gagnavera og aðstöðu fyrir lífvísindi. Það starfar fyrst og fremst á Írlandi, Niðurlöndum og í Danmörku sem og í öðrum Evrópulöndum, Bretlandi og Sviss.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11683 – TURNER/DORNAN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11691 – MARUBENI/NAP/FMG/AQUAGREEN)

2024/EES/68/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. september 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Marubeni Corporation ('Marubeni', Japan)
- Nordic Alpha Partners Fund I K/S („NAP“, Danmörku)
- FMG Circular Invest AB („FMG“, Svíþjóð), sem lýtur yfirráðum Mellby Gård (Svíþjóð)
- AquaGreen Holding ApS („AquaGreen“, Danmörku), sem lýtur yfirráðum NAP og FMG

Marubeni, NAP og FMG öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir AquaGreen.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Marubeni er verslunar- og fjárfestingarfélag sem starfar um allan heim með starfsemi í mörgum geirum, þar á meðal lífsstíl, upplýsingateknilausnum, matvælum, landbúnaði, iðefnum, málum og jarðefnaauðlindum, orku, innviðaverkefnum, fjármálum, leigu- og fasteignaviðskiptum, byggingariðnaði, iðnaðarvélum og hreyfanleika.
- NAP er fjárfestingarsjóður sem leggur áherslu á sjálfbær tæknifyrirtæki.
- FMG er fjárfestingarfyrirtæki sem leggur áherslu á sjálfbærar vatnsmeðhöndlunarlausnir og tækni.
